

## AUGLÝSING um skipulagsmál í Akureyrarkaupstað.

*Breyting á deiliskipulagi Akureyrarflugvallar.*

Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar hefur þann 8. maí 2007 í samræmi við 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt breytingu á ofangreindu deiliskipulagi.

Breytingin felst í að hámarkshæð bygginga og nýtingarhlutfalli er breytt.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

*Breyting á deiliskipulagi Krossaneshaga, A-áfangi.*

Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar hefur þann 6. mars 2007 í samræmi við 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt breytingu á ofangreindu deiliskipulagi.

Helstu breytingarnar hafa verið á byggingarreitum og hæð húsa, en mestu breytingarnar eru á norðvesturhluta svæðisins með sameiningu lóða og breytingu á gatnakerfi.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

*F.h. Akureyrarkaupstaðar, 8. júní 2007,*

**Pétur Bolli Jóhannesson,**  
skipulags- og byggingarfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfud.: 21. júní 2007